

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, svæði sunnan Norðurlandsvegur og vestan Svínvetningabrautar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 27. janúar 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013, frá 16. mars 1995.

Breytingin felst í því að 23,5 ha svæði sunnan Norðurlandsvegur og vestan Svínvetningabrautar breytist úr túni (landbúnaðarsvæði) og iðnaðar- og atvinnusvæði í tún (landbúnaðarsvæði) og skrudgarða- og útivistarsvæði til sérstakra nota. Aðkoma að svæðinu verður frá Svínvetningabraut.

Skipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Blönduóss. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 27. janúar 2006.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.